

177. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME miðvikudaginn 19. nóvember 2025 kl. 17

Mætt voru úr skólanefnd: Skúli Björn Gunnarsson, Stefán Bogi Sveinsson, Magnús Jónsson og Þorvaldur P. Hjarðar og Kristján Ketill Stefánsson sem varamenn. Af áheyrnarfulltrúum voru mætt: Steinunn Snædal f.h. foreldra, Auðunn Lárusson f.h. nemenda og Katrín Högnadóttir f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Eyrún Arnadóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Gangurinn í starfinu
2. Starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs
3. Starfsmannamál vorannar
4. Endurskoðun á umbótaáætlun
5. Önnur mál.

Fundur var settur kl. 17:00 og gengið til dagskár.

1. Gangurinn í starfinu

Rætt var um kynningarfund sem mennta- og barnamálaráðgjafi hélta 3. nóvember með starfsfólki í ME til að ræða tillögur sínar um breytingar á starfsumhverfi og skipulagi framhaldsskóla, s.s. með stofnun svæðisskrifstofa. Nokkrir skólanefndarmenn sátu fundinn líka og þótti vera lítið um svör frá ráðuneytisfólki. Skólameistari sagði frá fundi SMÍ með starfsmönnum ráðuneytis þar sem að einnig var lítið um svör og enginn virðist geta svarað fyrir það hver eiginleg áform eru.

Rætt almennt um störf ráðuneytis og hver stefna í framhaldsskólamálum er. Umræðum lokið með því að skólanefnd samþykktir að formaður myndi senda bréf til ráðherra fyrir hönd nefndarinnar og óska eftir frekari upplýsingum og tímalínu um fyrirhugaðar breytingar.

Almennt gengur skólastarfið vel að sögn skólameistara og spennarskil eru liðin. Heimavistarmál eru mörg hver erfiðari en undanfarin ár meðan annars vegna aukins fjölda vistarbúa. Þá er fyrirsjáanleg vöntun á plássi á heimavist fyrir vorönn.

Auðunn fór yfir það helsta í félagslífi NME. Desinn verður í lok mánaðar og vel bókað á hann. Miðvikudagsviðburðir ganga vel. Nemendur fóru á Hornafjörð í heimsókn til FAS á Austfirsku Ólympíuleikana. Flottir tónleikar hjá TME haldnir þar sem að 23 nemendur stigu á svið. LME er farið af stað með vinnu við leikritið Fyrsta kossinn sem verður sýnt á vorönn.

2. Starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs

Í fundargögnum var starfs- og fjárhagsáætlun sem skólameistari sendi til ráðuneytis fyrir skiladag 15. nóvember. Hún er stöðluð en skólanefndarmenn hjuggu eftir því að hækkan framlag milli ára er undir verðlagsbreytingum og nemur aðeins 2,5%.

3. Starfsmannamál vorannar

Litlar breytingar eru á starfsmannahaldi. Auglýst var eftir raungreinakennara en sú auglýsing var dregin til baka vegna breyttra forsenda innanhús. Leiðbeinandi verður ráðinn tímabundið í 25% stöðu án auglýsingar út vorið. Auglýsing vegna líffræði- og raungreinakennslu verður send út í byrjun mars á næsta ári.

4. Endurskoðun á umbótaáætlun

Skólameistari sagði umbótaáætlun vera í endurskoðun. Skólapúlsinn kom ekki vel út nú í október, líðan nemenda farið mikið niður á við varðandi svefn, hamingju og aukning er á einelti og ofbeldi. Framundan eru aðgerðir til að spyrna við þessari þróun sem er tekin alvarlega meðal starfsmanna ME. Uppfærð umbótaáætlun verður send til skólanefndar þegar hún verður tilbúin.

5. Fundargerðir kennarafunda kynntar

Árni sagði frá dagskrá síðasta starfsmannafundar þar sem kynntar voru niðurstöður jafnlaunakönnunar í ME fyrir árið sem kom mjög vel út að vanda. Jafnframt að tveir kennarar fóru á gervigreindarnámskeið á vegum Erasmus til Búdapest í haust og að kynning á yfirfærslu á milli prófavéla í Canvas var einnig tekin fyrir. Þá eru nokkrir kennarar komnir af stað í gervigreindarnámskeiðum á vegum KÍ.

6. Önnur mál

Kristján Ketill sagði frá því nú yrði gerð skylda að hafa ákveðna kunnáttu í íslensku til þess að innrita sig í kennaranám á Íslandi. Í tengslum við það var rætt um bág úrræði fyrir nemendur sem koma frá öðrum málsvæðum inn í framhaldsskóla.

Árni minnti á að útskrift verður 19. des kl 14:00 í Egilsstaðakirkju þar sem um 25 nemendur taka við skírteinum.

Fundi slitið kl:18:07

Undirritunarsíða

Skúli Björn Gunnarsson

Stefán Bogi Sveinsson

Magnús Jónsson

Þorvaldur P Hjarðar

Kristján Ketill Stefánsson